

Nd.

808. Nefndarálit

[267. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Reykhólahreppi jörðina Reykhóla í Reykhólahreppi.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Landbúnaðarnefnd hefur rætt frumvarpið á fundum sínum. Benedikt Gröndal og Eðvarð Sigurðsson eru mótfallnir frv., en meiri hl. nefndarinnar mælir með að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Reykhólahreppi, Austur-Barðastrandarsýslu, jörðina Reykhóla, að undanskildu því landi og aðstöðu, sem tilraunastöðin og þör-ungaverksmiðjan þurfa til starfsemi sinnar. Þarfnist ríki eða ríkisstofnanir lands eða byggingalóða úr landi ofangreindrar jarðar, skal því heimilt að kaupa það og þá við sama verði hlutfallslega og Reykhólahreppi var gert að greiða fyrir jörðina. Hreppsnefnd Reykhólahrepps er óheimilt að selja öðrum en ríkissjóði umrædda jörð eða hluta af henni.

Um aðild hreppsfélagsins að hitavatnsréttindum fer eftir samningum milli ríkisins og hreppsins.

Náist ekki samkomulag um söluverð jarðeignarinnar, skal það ákveðið af dómkvöddum mönnum.

Alþingi, 14. maí 1976.

Stefán Valgeirsson,
form., frsm.

Þórarinn Sigurjónsson,
fundaskr.

Friðjón Þórðarson.

Pálmi Jónsson.

Ingólfur Jónsson.